Minnisblað lesenda

MORGUNBLAÐIÐ hefur að venju leitað upplýsinga, sem handhægt getur verið fyrir lesendur þess að grípa til um hátíðarnar.

Slysadeild Borgarspítalans er opin allan sólarhringinn, sími 81212.

Slökkviliðið í Reykjavík, sími 11100, í Hafnarfirði sími 51100.

Lögreglan í Reykjavík, sími 11166, upplýsingasími 11110, í **Kópavogi** sími 41200, og **í Hafnarfirði** sími 51166.

Sjúkrabifreið í Reykjavík, sími 11100 og **í Hafnarfirði** sími 51100.

Læknavarzla: Nætur- og helgidagavarzla er fram til klukkan 08 á þriðjudagsmorgun í síma 21230.

Tannlæknavarzla. Neyðarvakt í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur verður alla helgidagana frá klukkan 14 til 15, nema laugardaginn þá er vakt frá klukkan 17 til 18, sími 22411.

Lyfjavarzla. Á skírdag er helgidagavarzla í Garðsapóteki og Lyfjabúðinni Iðunni og næturvarzla er í Garðsapóteki. Frá og með föstudeginum langa er helgidagavarzla í Laugavegsapóteki og Austurbæjarapóteki, en næturvarzla er í Laugavegsapóteki. Verður svo alla hátíðisdagana.

Messur. Sjá messutilkynningar á öðrum stað í blaðinu.

Útvarp — sjónvarp. Dagskrár eru birtar inni í blaðinu í dag.

Bilanir. Bilanir á hitaveitu og vatnsveitu skal tilkynna til Vélamiðstöðvar Reykjavíkurborgar, en þar verður vakt alla hátíðisdagana í síma 18013. Símabilanir tilkynnist í síma 05.

Söluturnar. Þeir verða opnir eins og venjulega á skírdag, laugardaginn fyrir páska og á annan í páskum. Hins vegar eru þeir lokaðir á föstudaginn langa og páskadag.

Mjólkurbúðir. Þær verða opnar á skírdag og laugardag til hádegis, en lokaðar aðra hátíðisdaga. Þá verða og þær matvörubúðir, sem selja mjólk, opnar til hádegis á laugardaginn.

Bensínafgreiðslur. Þær verða opnar á skírdag og annan í páskum frá klukkan 09.30 til 11.30 og frá klukkan 13 til 18. Á föstudaginn langa eru þær lokaðar, svo og á páskadag. Laugardag fyrir páska eru stöðvarnar opnar eins og á venjulegum laugardegi.

Strætisvagnar Reykjavíkur. Á skírdag verður akstri vagnanna hagað sem á venjulegum helgidegi, en á föstudaginn langa er ekið á öllum leiðum samkvæmt tímaáætlun helgidaga í leiðabók SVR, að því undanskyldu að vagnarnir hefja ekki akstur fyrr en klukkan 13. Sama regla gildir um akstur vagnanna á páskadag. Á laugardag fyrir páska er ekið eins og á venjulegum laugardegi og á annan í páskum eins og á venjulegum helgidegi.

Strætisvagnar Kópavogs. Á skírdag og annan í páskum hefst akstur um klukkan 10 og er ekið samkvæmt tímaáætlun helgidaga í leiðabók vagnanna. Á laugardag er ekið sem á venjulegum laugardegi, en á föstudaginn langa og páskadag hefst akstur klukkan 14 og er þá ekið samkvæmt tímaáætlun helgidaga í leiðabók vagnanna.

Reykjavík — Hafnarfjörður, Landleiðir h.f. Akstur vagnanna verður eins og hvern annan laugardag á laugardag fyrir páska, en hina dagana verður akstur eins og á sunnudegi og hefst klukkan 10 á skírdag og annan í páskum. Akstur hefst hins vegar klukkan 14 á föstudaginn langa og páskadag.

Skíðaferðir í Bláfjöll um páskana. Á vegum Íþróttaráðs Reykjavíkur verða ferðir í Bláfjöll, sem hér segir: Alla dagana er farið frá BSÍ klukkan 10 og klukkan 13, en af stað úr Bláfjöllum er haldið klukkan 17,30 og 18. 15 mínútum fyrir brottför í fyrri ferð er komið við í Mýrarhúsaskóla, Melaskóla, hjá Kaupfélaginu í Garðahreppi og pósthúsinu í Kópavogi. Eftir brottför frá BSÍ er komið við hjá Shell við Miklubraut, í Vogaveri og í Breiðholtsskóla.



Ljósm. Friðþjófur.

Steinunn Marteinsdóttir leirkerasmiður ásamt tveimur verka sinna. Vasinn fyrir framan er byggður upp á línum og formi sem hún sækir í Esjuna.

LEIKHÚSIN

Þjóðleikhúsið: Á skírdag verða sýningar á Kardimommubænum kl. 3 og Hvernig er heilsan? kl. 8; og annan páskadag á Kardimommubænum kl. 3, Coppelíu kl. 8 og Lúkasi (litla sviðið) kl. 8.30.

Leikfélagið: Fló á skinni verður sýnd kl. 3 á skírdag en Selurinn hefur mannsaugu kl. 20.30 í kvöld, og á annan páskadag sýnir LR Fjölskylduna kl. 20.30.

SÝNINGAR

Kjarvalsstaðir: Steinunn Marteinsdóttir, leirkerasmiður opnar sýningu á verkum sínum í Kjarvalsstöðum n.k. laugardag kl. 4, en á sýningu hennar eru um 440 verk, flest frá síðustu fjórum árum, en Steinunn hefur ekki sýnt í mörg ár og ekki látið neina hluti frá sér fara. Sýning Steinunnar verður opin til kl. 22 á laugardagskvöld, á páskadag frá kl. 15—22, annan páskadag frá kl. 14—22, en síðan á venjulegum sýningartíma hússins frá kl. 16—22 virka daga nema mánudaga og 14—22 laugardaga og sunnudaga.


Elztu verkin á sýningunni eru frá 1960 rétt eftir að Steinunn kom heim frá námi í leirkerasmíði erlendis. Yrkisefni í leirmuni sína sækir hún all oft í náttúru Íslands og m.a. hafa Esjan og Snæfellsjökull orðið henni drjúgt efni í form og

Hvað er að gerast um páskana?

UM BÆNADAGANA ætti fólki að gefast gott tóm til að hyggja að listinni í Reykjavík, enda ýmislegt um að vera — listsýningar, leikhús og tónleikar á flestum þessum dögum. Skal nú stiklað á nokkru því helzta:

HLJÓMLEIKAR

Háskólabíó: Polyfónkórinn, 32ja manna hljómsveit, ásamt einsöngvurunum Janet Price, Ruth Litle Magnússon, Neil Mackie og Glyn Davenport undir stjórn Ingólfs Guðbrandssonar flytja margfrægan Messías Händels á skírdag, föstudaginn langa og á laugardaginn. Á það skal bent að uppselt er á tónleikana á föstudag og örfáir miðar óseldir á tónleikana á skírdag og laugardag en þeir miðar verða seldir við inngangginn. Tónleikarnir hefjast kl. 2 alla dagana.




Ljósmyndasýning í Gallerí Súm: Uppi á hæðinni kallar ljósmyndarinn þessa mynd og verður hún að teljast nokkuð táknræn fyrir páskana.

uppbyggingar á verkunum. Gjarnan tekur hún þá fyrir ákveðna hluta í landslaginu og

Framhald á bls. 47.

AUGLÝSING Morgunblaðið 26. MARZ 1975

20 ÁR Í FARARBRODDI



ALLAR UPPLÝSINGAR UM ÚTSÝNARFERÐIR 1975 ERU Í ÚTSÝNARBLAÐINU „20 ÁR Í FARARBRODDI" SEM FYLGDI MORGUNBLAÐINU Í GÆR.

Ferðaskrifstofan ÚTSÝN,
Austurstræti 17,
símar 20100
— 26611